

**82. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
30. apríl 2018 og hófst hann kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Formaður óskar eftir, með vísan til samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar, að taka á dagskrá með afbrigðum mál nr. 1801076 (Tjaldsvæðið í Kalmansvík - útboð) mál nr. 1708061 (Guðlaug - framkvæmdir) og mál nr. 1804162 (Skógræktarsvæð Akraness 2018 - styrkir og land til skógræktar). Málin verða nr. 6, 7 og 8 á dagskránni.

Samþykkt.

Fyrir tekið:

1. 1803103 - Vogabraut 28 - lóðarleigusamningur endurnýjun

Beiðni um endurnýjun lóðarleigusamnings.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum lóðarleigusamningi.

2. 1803231 - Esjubraut 30 - lóðarleigusamningur endurnýjun

Beiðni um endurnýjun lóðarleigusamnings.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemdir við endurnýjun á ofangreindum lóðarleigusamningi.

3. 1804230 - Ketilsflöt / Kalmansbraut - gatnaframkvæmd / útboð

Tilboð vegna gatnaframkvæmda við Ketilsflöt og göngupverana við Kalmansbraut og Ketilsflöt.

Eftirfarandi tilboð bærust:

Þróttur vélaleiga ehf: kr 59.017.780

Skóflan hf: kr 68.240.000

Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf: kr 76.701.300

Kostnaðaráætlun hönnuða: kr 72.589.100

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

EB

4. 1804231 - Deilisk. Sementsreit - strompur

Breyting á deiliskipulagi, rif á sementsstrop.

Fyrir liggur niðurstaða skoðanakönnunar sem Akraneskaupstaður stóð fyrir.

Hlutfall þeirra sem vilja fella strompinn er 94.25%.

Hlutfall þeirra sem vill að strompurinn standi áfram er 5.75%.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að undirbúa skipulagsbreytingar á Sementsreitnum í þá veru að strompurinn verði felldur.

5. 1804232 - Deilisk. Skógahverfi 1. áfangi - Seljuskógar 1, 3, 5.

Umsókn um breytingu á deiliskipulagi vegna byggingarmagns.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að grenndarkynna breytinguna í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

Grenndarkynna skal fyrir lóðarhöfum við Seljuskóga 6, 7, 8, 12 og 14 og við Asparskóga 4, 6 og 8.

6. 1801076 - Tjaldsvæðið í Kalmansvík - útboð

Opnun tilboða í leigu á rekstri tjaldsvæðisins í Kalmansvík 2018 - 2020.

Eftirfarandi tilboð bærust í leigu á rekstri á Tjaldsvæðinu:

Reykjamörk Camping ehf. - kr. 800.000

Ásta Ósk Sigurðardóttir - kr. 2.621.000

Landamerki ehf. - kr. 1.750.000

Rafney ehf. - kr. 1.050.000

Sviðsstjóra falið að ganga til samninga við hæstbjóðanda.

Þess skal getið að eftir opnun tilboða kom í ljós tilboð sem hafði verið sent með rafrænum hætti. Tilboðsgjafi var EIH ehf. og hljóðaði tilboðsupphæð upp á - kr. 2.100.000

7. 1708061 - Guðlaug - framkvæmdir

Hugmyndir um aðstöðumál við Guðlaugu á Langasandi ásamt betrubótum á göngustíg og fegrun svæðisins voru kynntar á bæjarráðsfundi sem haldinn var þann 26. apríl s.l.

Bæjarráð tók vel í hugmyndirnar og fól umhverfisstjóra og verkefnastjóra að vinna áfram að verkefninu í samræmi við umræður á fundinum. Bæjarráð vísar verkefninu til skipulags- og umhverfisráðs.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar umhverfisstjóra góða kynningu og felur honum að vinna málið áfram.

8. 1804162 - Skógræktarfélag Akraness 2018 - styrkir og land til skógræktar

Bæjarráð vísar erindi Skógræktarfélags Akraness um viðbótarstyrk dags. 16. apríl s.l. til umsagnar hjá skipulags- og umhverfisráði.

Sviðsstjóra og umhverfisstjóra falið að funda með stjórn Skógræktarfélags Akraness, til að fá nánari útskýringar á styrkbeiðni félagsins. Skipulags- og umhverfisráð stefnir að því að veita umsögn til bæjarráðs á næsta fundi ráðsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:40.

Einar Brandsson
 Páll Sveinbjörnsson
 Valgeirur J. Pásson
 Kristín Sigurgeirsdóttir
 Karítas Jónsdóttir
 Sig. P. H.
 Stefan Þ. Steind
 Sindri Birgisson
 Haldris Sigurpórsel